


Rympa á ruslahaugnum

Leikfélag Hveragerðis frumsýnir barnaleikritið Rympu á ruslahaugnum á morgun kl. 15 á Hótel Björk í Hveragerði.

Leikritið segir frá skráttinu kerlingu sem heitir Rympa og býr á ruslahaugnum. Hún er ólíkindatöl, algjör útigangur frá barnæsku og þekkir ekki venjulegt heimilislíf og umgengnisvenjur. Til hennar koma tvö börn sem hafa strokið úr skólanum og amma sem hefur strokið af elliheimili af því að enginn má vera að því að tala við þau og sinna þeim. Boðskapur leikritsins er sá að við eigum að gefa okkur tíma til að sinna börnunum og gamla fólkinu, tala saman og brúa kynslóðabilið. Höfundur verksins er Herdís Egilsdóttir og leikstjóri er Ingunn Jensdóttir. Milli 30 og 40 manns koma fram í sýningunni.



Leikarar Leikfélags Hveragerðis.



Eitt verka Rebekku Ránar.

Rebekka Rán í Hafnarborg

Rebekka Rán Samper opnar myndlistarsýningu í Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, á morgun kl. 14. Á sýningunni verða þrívíð og tvívíð verk, unnin í járn, við, vax, mannshár og fleiri efni.

Rebekka Rán fæddist í Reykjavík 5.4. 1967. Að loknu stúdentsprófi frá MR lagði hún stund á listnám við háskólann í Barcelona og lauk mastersgráðu þaðan árið 1992. Rebekka vinnur nú að doktorsritgerð sinni í listheimspeki.

Meðfram námi hefur Rebekka Rán m.a. unnið við leiktjaldagerð, hreyfimyndir, myndskreytingar hjá Sjónvarpinu og kennslu.

Á síðustu árum hefur Rebekka Rán haldið nokkrar einkasýningar í Barcelona og tvær sýningar í Seoul í Suður-Kóreu.

Árið 1991 hlaut hún viðurkenningu í skulptúrasamkeppni Miguels Casablanca.

Sýningin í Hafnarborg er fyrsta sýning Rebekku á Íslandi. Hún verður opin milli kl. 12 og 18 alla daga nema þriðjudaga og stendur til 24. nóvember.



Snillingar í Snotraskógi er hugljúft leikrit fyrir yngstu kynslóðina.

Möguleikhúsið:

Snillingar í Snotraskógi

Möguleikhúsið við Hlemm frumsýnir á sunnudaginn kl. 15 barnaleikritið Snillinga í Snotraskógi eftir Björgvin E. Björgvinsson.

Verkið er hugljúft saga um Skógarmýslu og íkornastrákinn Kornu. Mýsla er nýbúi í Snotraskógi en Kornu er fæddur og uppalinn þar. Eins og sönnunum heiðursmanni ber tekur hann á vel á móti Mýslu og hjálpar henni að byggja sér hús.

Mýsla og Kornu lenda í ýmsum ævintýrum og sleppa naumlega undan ógnvaldinum Boggu branduglu. Einnig kemur við sögu Fróði héri sem er kennari í skógarskólanum. Kornu er dauðhræddur við kennarann því honum list alls ekki á að byrja í

skóla. Mýslu tekst þó að lokum að sannfæra hann um að það sé hreint ekki svo slæmt og saman mæta þau í fyrstu kennslustundina.

Leikritið er liflegt verk með söngvum og er ætlað börnum á aldrinum tveggja og hálfis árs til átta ára.

Leikstjóri verksins er Bjarni Ingvarsson, tónlistarhöfundur er Helga Sighvatsdóttir, bündingahönnuður er Helga Rún Pálsdóttir og leikarar eru Erla Ruth Harðardóttir, Pétur Eggerz og Bjarni Ingvarsson.

Kaffi Reykjavík:

Glæsikvöld konunnar

Í kvöld verður haldið svokallað Glæsikvöld konunnar á veitingastaðnum Kaffi Reykjavík.

Auk kvöldverðar verður m.a. boðið upp á förðunarsýningu frá fyrirtækinu No name, tiskusýningu frá Brúðarkjólaleigu Dóru og undirfatasyningu frá versluninni Ég og þú.

Heiðurskonur kvöldsins verða Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona og Guðrún Ágústsdóttir, forseti borgarstjórnar.

Kynnir á Glæsikvöldi konunnar verður Heiðar Jónsson. Tónlistarmennirnir Sigríður Beinteinsdóttir og Eyjólfur Kristjánsson munu leika ljúfa tónlist fyrir gesti Glæsikvöldsins.

Húsið verður síðan opnað fyrir almenning á miðnætti.

Hin nýkrýnda ungfrú Norðurlönd, Dagmar Íris Gylfa-dóttir, sýnir förðun á Glæsikvöldinu.



ð fyrir tvo

ru Kínamatatur á tilboði

4 réttir á 990 kr. á mann

Djúpsteiktar ræjur m/súrsætri sósu og val um þrjá af réttum dagsins. Hrísgjón, soyasósa og þrjómar fylgja.

Þú getur borðað á staðnum eða tekið með heim.

Opíð alla daga frá kl. 11:30-22:00



Við notum ekki þrjú kryddið heilsunnar vegna.

Gildir ekki í heimsendingu

SÝNINGAR

Galleri Borg, Síðumúla 34. Sýning Tolla til 3. nóv. Opíð virka daga kl. 10-18, ld. 12-18 og sud. 14-18.

Gallerí Föld, Rauðarárstíg, Elin G. Jóhannsdóttir með málverkasýningu í baksal. Opíð virka daga frá kl. 10-18, ld. 10-17 og sud. 14-17.

Gallerí Hornið, Hafnarstræti 15. Sigurveig Knútsdóttir með sýningu á dúkristum. Opíð alla daga kl. 11-23.30 til 12. nóv. Sérningangur gallerisins opin kl. 14-18.

Gallerí Ingólfsstræti 8. Sýning á verkum Daniels Þorkels til 16. nóvember.

Gallerí Listakot, Laugavegi 70. Anna Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður með sýninguna „Guð er kona“ til 10. nóv.

Gallerí Regnbogans, Hverfisgötu 54. Sýning á verkum Sigurðar Örylgssonar er opin virka daga frá kl. 16-24 og 14-24 um helgar.

Gallerí 20 m², Vesturgötu 10a. Pétur Örn Friðriksson sýnir. Opíð miðsun. kl. 15-18 til 2. nóv.

Gerðuberg. Sýning á verkum Eggerts Magnússonar stendur til 23. nóv. Opíð mán.-fim. 10-21; fös.-sun. 12-16.

Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði. Rebekka Rán Samper opnar myndlistarsýningu ld. 1. nóv. kl. 14. Sýningin stendur til 24. nóvember.

Sýning á nýjum verkum Gunnars Kristinssonar. Opíð kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga.

International Gallery of Snorri Ásmundsson, Akureyri. „To Hell with All of Us“. Opíð frá kl. 14-18 alla daga.

Kjarvalsstaðir, Flókastræti, Reykjavík. Í vestursal og miðrymi eru sýndar ljósmyndir eftir þrjátíu erlenda listamenn til 23. nóv.; í austursal eru verk eftir Kjarval til áramóta. Opíð kl. 10-18 alla daga.

Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41. „Óðurinn til sauðkindarinnar“, samsýning 48 félaga FÍM. Arinastofa: Jóhannes S. Kjarval, verk úr eigu Listasafnsins. Opíð alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18. Sýningum lýkur 16. nóvember.

Listasafn Íslands, Frikirkjuvegi. Sýning á úrvali úr dánargjöf Gunnlaugs Schevings í öllum söllum safnsins til 21. des. Í fyrirlestarsal verður sýnd sjónvarpsmynd um Gunnlaug frá 1992. Opíð alla daga nema mán. 11-17.

Listasafn Íslands, Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74. Sýning á uppstillingum og útimyndum til febrúarloka 1998. Opíð kl. 13.30-16 ld. og sd. Lokað í desember og janúar.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. Umhverfis fegurðina: málverk eftir Eggert Pétursson, Helga Þorgils Friðjónsson og Kristín G. Harðarson. Opíð frá kl. 12-18. Síðasta sýningarhelgi.

Listasafnið á Akureyri. Sýning á verkum listahópsins CREW CUT, „(un)blin“.

Listhús 39, Hafnarfirði. Auður Vésteinsdóttir sýnir myndverfnað. Opíð virka daga kl. 10-18, ld. 12-18 og sd. 14-18.

Listhúsið í Laugardal. Galleri Sjöfn Har. Verk eftir Sjöfn Har. Opíð virka daga kl. 13-18 og ld. 11-14.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi. Sumarsýning á 27 völdum verkum eftir Sigurjón. Opíð alla daga nema mánudaga frá kl. 14-17.

Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Sýning á verkum Harris Syrjánens. Opíð mán.-fös. frá kl. 10-18 og lau. frá kl. 11-14.

Norraena húsið. Sýning í anddyri á auglýsingaspjöldum sem birtust í Rafskinnu á árunum 1935-1957. Opíð daglega frá kl. 9-18 nema sd. kl. 12-18 til 2. nóv. Í kjallara er samsýningin TarGet. Opíð 14-18 nema mán.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3b. Samsýning 6 myndlistamanna. Opíð kl. 14-18 alla daga nema mán. Aðgangur ókeypis.

Snepla, listhús, Grettisgötu 7. Í gluggum er kynning á verkum Sigríðar Erlu úr jarðleiri. Opíð virka daga kl. 12-18 og kl. 10-14 laugard.

Café Menning, Dalvík. Sýning á verkum Þorfinns Sigurgeirssonar.

Hótel Höfði, Ólafsvík. Sýning á samtímalist eftir fjölda íslenskra listamanna.

Listasafn Árnesinga, Selfossi. Perlur úr Eystrihreppi, 23 málverk Jóhanns Briem, verða á sýningu ásamt svartlist Katrínar Briem til 23. nóv. Opíð 14-18 alla daga.

Safnhúsið, Borgarnesi. Bjarni Þór Bjarnason, listamaður á Akranesi, með sýningu á 18 olíumálverkum. Sýningin verður opin á virkum dögum frá 14-18 og stendur til 15. desember.